Mánudaginn 17. marz 1958.

Nr. 36/1957. **Vigfús Einarsson**
gegn
Sverri Aðalbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Máli frestað í Hæstarétti.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 25. febrúar 1957 áfrýjað til Hæstaréttar úrskurðum fógetadóms Reykjavíkur, er upp voru kveðnir í útburðarmáli stefnda gegn honum hinn 19. september 1956 og 15. febrúar 1957. Málið var þingfest í aprílmánuði 1957, og hefur því síðan verið frestað með samkomulagi aðilja þar til í febrúarmánuði s.l. Er málið var tekið fyrir hinn 28. þessa mánaðar, bað umboðsmaður áfrýjanda enn um frest til aprílmánaðar næstkomandi. Umboðsmaður stefnda mótmælti þeim fresti, enda hafði hann lýst því, er málinu var frestað í síðastliðnum janúarmánuði, að hann mundi ekki samþykkja frekari frest.

Fram er komið í málinu, að áfrýjandi hefur eigi getað fengið dómsgerðir héraðsdóms, vegna þess að málsskjöl í vörzlu héraðsdómara hafa glatazt. Hefur héraðsdómari leitast við að koma á samkomulagi aðilja um aðalefni hinna glötuðu skjala, en þeim tilraunum dómarans virðist enn eigi að fullu lokið. Að svo vöxnu máli þykir rétt að veita áfrýjanda frest til aprílmánaðar næstkomandi samkvæmt beiðni hans.

Ályktarorð:

Áfrýjanda er veitur frestur til aprílmánaðar næstkomandi.